

Ferðamálastofa
Geirsgata 9
101Reykjavík

Reykjavík, 19. október 2020
UST202010-109/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda innan friðlýstra svæða

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ferðamálastofu, dagsett 6. og 12. október, um leyfi til uppsetningar á gönguteljurum við Látrabjarg og innan friðlýstu svæðanna Dynjanda, Hraunfossa og Barnafoss, Reykjanesfólkvangs og Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Dynjandi er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 348/1971. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun getur skv. 4. gr. friðlýsingarskilmála svæðisins sett reglur um aðgang almennings að svæðinu og dvöl þar. Samkvæmt umgengnisreglum svæðisins er drónaflug innan þess óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Hraunfossar og Barnafoss eru friðlýst náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 410/1987. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 568/2001. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimil í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 17. gr. reglugerðarinnar. Mannvirkjagerð, efnistaka og hverskonar annað jarðrask er óheimilt nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 18. gr. reglugerðarinnar. Rannsóknir á náttúrufari og menningarminjum í þjóðgarðinum eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 20. gr. reglugerðarinnar.

Látrabjarg er ekki friðlýst en leyfi gæti þurft frá landeigenda fyrir framkvæmdinni.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir leyfi til að setja upp gönguteljara við gönguleiðir á svæðunum. Kort sem sýnir staðsetningu mælana við Hraunfossa og Saxhól fylgdu með umsókn. Innan Reykjanesfólkvangs stendur til að setja upp mæli við Seltún. Á öllum stöðum nema við Seltún þarf að koma fyrir staurum fyrir teljarana. Við Seltún stendur til að nýta staur sem er fyrir á svæðinu með teljara. Ákvörðun um staðsetningu teljaranna og uppsetning á staurum mun fara fram í samstarfi við sérfræðinga eða landverði á svæðunum til að takmarka rask við uppsetninguna. Ráðgert er að setja mælana upp í október 2020. Að verkinu koma 1-3 starfsmenn og tekur verkið um 4 klst. á hverjum stað.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðanna fari framkvæmdir fram við stíga á svæðunum og þess sé gætt að fara eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfinu. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að algengt er að genginn sé hringur á Látrabjargi en einhverjir gesta ganga bara eftir bjargbrún og fara ekki inn á stíginn sem sýndur er á mynd sem fylgir umsókn með fyrirhugaðri staðsetningu teljarans.

Skilyrði:

Miðað við verkefnislýsingu metur Umhverfisstofnun uppsetningu gönguteljara við Seltún og Látrabjarg ekki leyfis skylda af hálfu stofnunarinnar. Umhverfisstofnun veitir Ferðamálastofu fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu gönguteljara við Dynjanda, Hraunfossa og Barnafoss og við Saxhól innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 19.-31. október 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald teljarana og ef notkun þeirra er hætt skulu þeir fjarlægðir ásamt festingum.
- Takmarka skal framkvæmdasvæðin við göngustígana sem ráðgert er að setja teljarana upp við og skal raski haldið í lágmarki.
- Staðsetning teljara verður valin í samráði við Umhverfisstofnun.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur

Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur